

## Pilturinn sem kundi ekki að skjálfa

Eftir H.C. Andersen

Leikgerð: Rannveig Þorkelsdóttir

Persónur og leikendur:

Pabbi

Eldri

Yngri

Kirkjuvörður

Draugur

Ekill

Kóngur

Prinsessa

Köttur

Köttur

Neðri helmingur

Efri helmingur

Draugur sem spilar fótbolta

Pabbi: Hvað á ég að gera? Ég á tvo syni, annar er greindur og duglegur en hinn er óttaleg gunga.

Eldri: Pabbi, gerðu það. Ekki senda mig út þegar dimmt er orðið. Ég er svo myrkfælinn að ég skelf á beinunum og það sprettur kaldur sviti út um mig allan. Ég heyri draugalegar raddir í hverju horni og stirðna upp af hræðslu.

Yngri: Skjálfa, hvað er nú það? Ég á greinilega margt ólært. Pabbi, leyfðu mér að fara, því mig langar að komast að því hvernig það er að skjálfa. Það er kominn tími til.



Pabbi: Ég finn einhver ráð. Ætli ég tali ekki við kirkjuvörðinn. Heyrðu kirkjuvörður, ég þarf á hjálp þinni að halda. Yngri sonur minn kann ekki að skjálfa. Hann finnur ekki til ótta, hvað sem á gengur. En sá eldri er síhræddur. Nú langar þann yngri að prófa það hvernig það er að skjálfa. Gæti hann ekki fengið að vera hringjari hjá þér?

Kirkjuvörður: Hjá mér, hvað heldur þú að fólk haldi?

Pabbi: Já, þú gætir leikið draug, þannig fer hann örugglega að skjálfa.

Kirkjuvörður: Ég gæti aldrei leikið draug. Hvað ef einhver sæi mig? Það myndu allir halda að ég væri genginn af göflunum.

Pabbi: Hvað ef ég borga þér tvo gullpeninga?

Kirkjuvörður: Jæja þá. Allt í lagi. Segðu honum að koma í kvöld.

Yngri: Vá hvað er flott hérna, ég sé út um allt. Jæja, nú er klukkan alvega að vera 12. Ætli það sé ekki best að fara að hringja klukkunum.

Draugur: Ú, ú, ú, þú skalt skjálfa og titra, vesæla mannvera.

Yngri: Hvað erindi átt þú hingað? Þú hræðir mig ekki. Hypjaðu þig í burtu.

Draugur: Ú, ú, ú ég er hræðilegur draugur, ú, ú ú. Ert þú ekkert hræddur við mig?

Yngri: Svona komdu þér í burtu.  
hann slær til draugsins sem dettur aftur fyrir sig

Draugur: Áá, á á .hvað á ég að gera?. Ég hef meitt mig í fætinum.  
Aumingja ég. Mamma.



Pabbi: Ég er búin að fá mig fullsaddan af þessum fíflalátum í þér. Henda kirkjuverðinum niður stigann. Þvílíkt og annað eins. Hér hefur þú fimmtíu gullpeninga. Nú verður þú að sjá um þig sjálfur.

piltur heldur af stað

Ekill: Á hvaða leið ert þú ungi maður? Mér sýnist þú ekkert vera of viss. En hvað sem öðru líður skaltu ekki velja veginn sem beygir til hægri og liggur inn á milli trjáanna. Það er vegurinn sem liggur að draugahöllinni. Þangað hættir sér ekki einu sinni hraustustu hermenn konungs því þar er svo mikill draugagangur.

Yngir: Þangað verð ég að komast. Þar hlýt ég að geta lært að skjálfa.

hann heldur af stað að höll konungs

Yngri: Yðar hátign. Látið mig hafa hefilbekk og hníf og nóg af eldivið. Ég er að hugsa um að dvelja í höll yðar í þrjár nætur.

Kóngur: Ágætt, ef þér tekst það ertu sannarlega hugrakkur piltur og þá skaltu fá dóttur mína fyrir konu. Fram að þessu hefur enginn treyst sér til að eyða þremur nóttum í draugahöllinni.

Í draugahöllinni

Yngir: Jæja, hér er gott að vera. Enginn að angra mig, þetta er ekkert. Best að fara að sofa.

Tveir kettir læðast að honum og ætla að klóra hann. Hann vaknar og tekur í hnakkadrambið á þeim.

Yngir: Komið ykkur út.



Kettir: Já, en við erum hættulegir galdramenn. Ert þú ekki hræddur við okkur. Við erum mjög göldróttir.

Yngri: Svona komið þið ykkur út. Jæja, best að fara að sofa.

klukkan slær 12

Neðri partur: ú, ú ég er helmingur af manni ég er draugur.

strákur hlær

Yngri: Hvar er efri helmingurinn af þér?

Efri helmingur: Ég er hér, hvað viltu mér. Ertu ekkert hræddur?

Fótboltadraugur: Ég skal hræða þig, ú, ú. Hvað er ekkert sem hræðir þig? Komdu þá við skulum fara að spila fótbolta.

Fleiri draugar koma inn. Allskonar drauga, allir leikarar sem vilja. Þeir fara í fótbolta. Þegar klukkan slær 1 hverfa allir draugarnir.

Kóngur: Jæja, ungi maður hefur þú loksins lært að skjálfa?

Yngir: Nei því miður yðar hátign. Hins vegar held ég að ég sé búinn að flæma alla drauga í burtu úr höllinni.

Kóngur: Það var hraustlega gert. Þú færð dóttir mína núna sem konu. Prinsessa komdu strax. Hér hefur þú verðandi mann þinn, dóttir góð.

Prinsessa: Sæll, ungi maður. Er það rétt að þú kannt ekki að skjálfa?

Yngir: Já, því miður. Mig langar svo mikið til að skjálfa. Ég veit ekki hvernig það er.



Prinsessa: Við finnum út úr því.

Þau fara að sofa. Prinsessan nær í fulla fötu af vatni og hellir yfir bóndann þegar hann sefur. Hann vaknar upp og byrjar að skjálfa.

Prinsessa: Já, bóndi minn. Núna kannt þú svo sannarlega að skjálfa.

Leikum af list.is / Rannveig Þorkelsdóttir©2008